



INTERNATIONAL SOCIETY FOR KEY WOMEN EDUCATORS DELTA KAPPA GAMMA

Aðalfundur Delta Kappa Gamma á Íslandi 2009

Haldinn að Hallormsstað – Íþróttahúsið

sunnudaginn 17. maí, kl. 9:30 til 12

Dagskrá

Setning aðalfundar: Anna Þóra Baldursdóttir Betadeild, forseti landssambandsins.

Anna Þóra Baldursdóttir setti þingið og skipaði Ingibjörgu Einarsdóttur Gammadeild fundarstjóra. Ingibjörg Auðunsdóttir og Helga Thorlacius Betadeild voru skipaðar ritarar aðalfundar.

Orð til umhugsunar: Sigrún Jóhannesdóttir Deltadeild.

Sigrún byrjaði á því að þakka fyrir gærdaginn. Orð til umhugsunar hafa stundum verið kölluð „mig langar svo að segja þér“ eða „mér er efst í huga“. Mér er efst í huga þakklæti, að hafa fengið að vera í félagsskapnum. Hún sagðist hafa farið að hugsa um hve mikið hún hefði fengið út úr félagsskapnum. Maður fær það sem maður leggur inn. Maður verður að leggja á sig til að fá eitthvað út. Hvað ræður því hvað maður verður í lífinu? Hún talaði um ef DKG dyr hefðu ekki opnast. Af hverju hefðu þið misst af ef þið hefðuð ekki gegnið í félagsskapinn. Hún rifjaði upp fundina í deildinni sinni. Hún líkti starfinu við áhringina í trjábolnum sem hún sá í gær í Hallormsstað. Ræddi um eftirminnileg þing innanlands og erlendis.

Minning: Í umsjá Eyrúnar Ísfold Gísladóttur Etadeild og Guðnýjar Helgadóttur Gammadeild

Guðný sagði að í erlendu samtökunum væri á landssambandsþingum falleg minningarstund til að minnast fallinna félaga. Leitað var til Vilborgar Dagbjartsdóttur að velja ljóð til að nota við minningarathöfnina. Vilborg valdi ljóðið „Blátt ljóð“. Guðný bað konur um að rísa úr sætum og minnast fallinna félaga.

Þá flutti Elín Hannibalsdóttir Epsilondeild minningarorð um Guðrúnu Ingvarsdóttur (Gígja) Epsilondeild f. 26. sept. 1949 – d. 6. feb. 2009.

Guðrún Ingvarsdóttir, eða Gígja eins og hún var gjarnan kölluð, var ein af stofnfélögum Epsilondeildar á suðurlandi fyrir 20 árum síðan og ávallt virkur þáttakandi í starfinu. Allir hrifust af Gígju enda spillti það ekki fyrir að hún var gædd ríkri kímigáfu, glaðlyndi og skarpri hugsun. Hún var einstaklega bógóð kona og jákvæð hvort heldur var gagnvart fjölskyldu, vinnufélögum Fjölbrotarskólans eða okkur systur í Epsilondeild.

Árið 1999 greindist Gígja með krabbamein og þá tók við löng og ströng barátta. Gígja sýndi ótrúlegt baráttuprek, reis allaf upp aftur eftir hvert áfall og hóf störf að nýju. Aldrei heyrði maður Gígju kvarta veikindunum og hélt hún áfram í öllum fyrri verkefnum eins og ekkert hefði í skorist. Sem dæmi um



INTERNATIONAL SOCIETY FOR KEY WOMEN EDUCATORS DELTA KAPPA GAMMA

Það má nefna að viku áður en hún lagðist var hún á fullu í kennslunni og á sama tíma var hún að skipuleggja veislu fyrir samstarfsfólk sitt í Fjölbautarskólanum. En svo fór að lokum að krabbameinið sigraði þessa sterku konu og lést hún 6. febrúar 2008. Gígju er sárt saknað í hópnum okkar og við minnumst hennar með þakklæti, virðingu og hlýju.

Ávarp fulltrúa alþjóðasambandsins: Jacklynn Cuppy fyrrverandi alþjóðaforseti

Jacklynn er fyrrverandi alþjóðaforseti og fyrsti alþjóðaforseti utan Bandaríkjanna, en hún er frá Kanada. Hún hefur unnið á öllum stigum innan samtakanna og sinnt margháttuðum störfum. Hún flutti kveðjur frá alþjóðaforseta og stjórninni sem hittist þessa helgi í Texas. Hún kynnir sig sem eftirlaunaþega en var fyrr á árum skólastjóri grunnskóla með um 700 nemendum og kenndi fyrst og fremst á yngra stiginu og jafnframt háskólanemum sem menntuðu sig til kennarastarfsins. Jackie er gift og á dóttur sem býr í Englandi ásamt eiginmanni sínum og tveimur börnum.

Jacklynn sagði það hafa verið ánægjulegt að vera með okkur á þessum sérstaka falleg degi í gær. Ég skildi ekki alla brandarana í gær en ég naut dagsins. Hún ræddi um félagsskapinn og hve mikils virði það er fyrir okkur að eiga fulltrúa í stjórninni sem er Sigrún Klara. Flestir félagsmenn eru í Bandaríkjunum eða um 97% það væri m.a. íslensku samtökunum að þakka að samtökin væru alþjóðleg. Nýja sýn samtakanna er að vera leiðandi afl í menntun kvenna. Hvernig eigum við að fara að því og þetta er líka spurning sem við íslensku konurarnar þurfum að svara. Hún hvatti konur til að lesa fréttablaði. Hvernig látum við aðra vita af félagsskapnum? Nafnið er ekki þekkt og við þurfum að ræða um félagsskapinn. Við getum rætt það t.d. við sessunaut í flugi. Við erum 1010 þúsund konur í 6? löndum. Við veitum félagsstyrki o.s.frv. Við erum 80 ára gamall félagsskapur og síðan hún fór yfir markmið samtakanna.

Hún ræddi um hve góð starfsemi væri í íslensku félaginu og við ættum að vera stolt af því. Starfið á Íslandi er öflugt og til fyrirmynda. Hún sagði frá alþjóðlegum þingunum sem eru á næstunni.

Hún bað konur um að merkja við málefni sem þær vildu koma á framfæri. Hún ræddi um vefsíðu alþjóðasamtakanna og að nú væru öll skjöl sett á síðuna. Hún hvatti konur til að fylgjast með upplýsingum um næstu þing og styrki sem eru í boði. Hún sagði að deildir um allan heim væru að fást við sömu mál.

Venjulega aðalfundarstörf

- a) **Skýrsla stjórnar:** Anna Þóra Baldursdóttir forseti landssambandsins, sjá fylgiskjal. Skýrslan var samþykkt samhljóða.
- b) **Reikningar:** Guðbjörg Sveinsdóttir gjaldkeri landssambandsins, sjá fylgiskjal. Engar spurningar og reikningar samþykktir samhljóða.



INTERNATIONAL SOCIETY FOR KEY WOMEN EDUCATORS DELTA KAPPA GAMMA

c) **Fjárhagsáætlun:** Guðbjörg Sveinsdóttir tókst ekki að ná í nefndarkonur í fjárhagsáætlunarnefndar, þær Elínborgu Sigurðardóttur Betadeild sem var formaður, Hafðísi Sigurgeirsdóttur Etadeild og Þuríði Kristjánsdóttur Deltadeild, og vann Guðbjörg fjárhagsáætlunina, sjá fylgiskjal.

d) **Árgjald:** Guðbjörg sagði að félagsgjöld þyrftu að hækka vegna þeirra aðstæðna sem væru í þjóðfélaginu og þær þarf hækkunina upp til samþykkis. Gjöld til alþjóðlegu samtakanna komu illa út vegna gjaldeyrisbreytinga o.fl. og runnu 5000 kr. félagsgjöldin til alþjóðasamtakanna. Hún lagði til hækkan á félagsgjöldum um 50%. Þegar konur eru í leyfi þá borga þær hálft gjald. Félagskonur eru 270. Guðbjörg lagði til að árgjaldið yrði hækkað úr kr. 5000 í 7500.

Eyrún Ísfold Gísladóttir Etadeild kom með tillögu frá Etadeild til landssambandsþings

„Félagsfundur haldinn í Etadeild 28. apríl 2009 beinir þeim tilmælum til landssambandsins DKG að vegna árferðis verði framlag deilda til landssambandsins ekki hækkað í ár.“

Jóhanna Þorsteinsdóttir Betadeild stóð upp og sagði að ekki væri hægt að reka félagið á 5000 kr. félagsgjaldi og að hækka yrði gjöldin.

Tillaga Etadeildar var feld og fjárhagsáætlun var samþykkt með meirihluta atkvæða.

e) **Skýrslur deilda**

Alfa: Kristín Gunnarsdóttir flutti skýrslu í fjarveru Ernu Árnadóttur formanns, sjá fylgiskjal.

Beta: Eygló Björnsdóttir formaður, sjá fylgiskjal.

Gamma: Björg Eiríksdóttir formaður, sjá fylgiskjal.

f) **Skýrslur nefnda**

Laganefnd: Í laganefnd sitja Auður Torfadóttir formaður Etadeild, Gerður Gunnarsdóttir Etadeild, Sigríður Guttormsdóttir Epsilondeild. Nefndarkonur gátu ekki setið þingið. Anna Þóra Baldursdóttir flutti skýrsluna, sjá fylgiskjal.

Félags- og útbreiðslunefnd: Í nefndinni eru þær Stefanía Arnórsdóttir, formaður Gammadeild forfallaðist, Sigrún Aðalgeirsdóttir Beta, Sigrún Ásta Jónsdóttir Beta. Anna Þóra Baldursdóttir flutti skýrsluna, sjá fylgiskjal.

Útgáfu- og kynninganefnd (ritstjórnin): Nefndarkonur eru Bryndís Friðgeirsdóttir formaður, Jóna Benediktsdóttir, Sigríður Ragnarsdóttir, allar úr Jótadeild og í fjarveru þeirra flutti Anna Þóra Baldursdóttir skýrsluna, sjá fylgiskjal.

Námsstyrkjanefnd: Námsstyrkjanefnd skipa þær Jóhanna Þorsteinsdóttir formaður Betadeild, Steinunn Guðmundsdóttir Jótadeild, Ingibjörg B. Frímannsdóttir Alfadeild. Jóhanna Þorsteinsdóttir flutti skýrsluna, sjá fylgiskjal.



INTERNATIONAL SOCIETY FOR KEY WOMEN EDUCATORS
DELTA KAPPA GAMMA

Menntamálanefnd: Í nefndinni eru þær Helga Magnea Steinsson, formaður Zetadeild, Krístrún Ísaksdóttir Gammadeild, Jórunn Elíadóttir Betadeild (leyfi 2009), Ingibjörg Auðunsdóttir Betadeild kom í hennar stað. Helga Magnea Steinsson formaður er erlendis, en skýrsluna flutti Krístrún Ísaksdóttir, sjá fylgiskjal.

g) **Skýrslur deilda:**

Delta: Ingibjörg Adda Konráðsdóttir formaður, sjá fylgiskjal.

Epsilon: Elín Hannibalsdóttir flutti skýrsluna í fjarveru Veru Valgarðsdóttur formanns, sjá fylgiskjal.

Zeta: Jarprúður Ólafsdóttir formaður, sjá fylgiskjal.

- h) **Kosningar – kosning forseta landssambandsins:** Anna Þóra Baldursdóttir gerði grein fyrir tillögum uppstillingarnefndar í fjarveru nefndarkvenna en þær eru Fanný Gunnarsdóttir formaður Alfadeild, Ingibjörg A. Konráðsdóttir Etadeild og Magnea Ingólfssdóttir Deltadeild, sjá fylgiskjal. Tillögur uppstillingarnefndar eru:

Forseti landssambandsins:

Ingibjörg Jónasdóttir Gammadeild

Stjórn landssambandsins:

Sóley Halla Þórhallsdóttir Betadeild, 1. Varaforseti

Steinunn Guðmundsdóttir Jótadeild, 2. Varaforseti

Ingibjörg Auðunsdóttir Betadeild, ritari

Steinunn Ármannsdóttir Alfadeild, meðstjórnandi

Anna Þóra Baldursdóttir Betadeild, fráfaramaður

Fjárhagsnefnd:

Þórunn Bergsdóttir Betadeild

Jónína Hauksdóttir Betadeild

Guðrún H. Björnsdóttir Betadeild

Uppstillingarnefnd:

Steinunn Aðalsteinsdóttir Zetadeild

Halldóra Baldursdóttir Zetadeild

Helga Guðmundsdóttir Zetadeild

Skoðunarmenn reikninga:

Sigríður Johnsen Kappadeild

Margrét Sigurðard Alfadeild

Anna Þóra Baldursdóttir bað Ingibjörgu Einarsdóttur að kynna Ingibjörgu Jónasdóttur sem hefur boðið sig fram til forseta landssambandsins.



INTERNATIONAL SOCIETY FOR KEY WOMEN EDUCATORS DELTA KAPPA GAMMA

Ingibjörg Jónasdóttir er fædd í Reykjavík 12. nóvember 1950. Hún tók stúdentspróf frá eðlisfræðibraut Menntaskólans við Hamrahlíð 1970 og kennari frá Kennaraskóla Íslands 1972. Hún stundaði nám í Mathematical Education við Kennaraháskóla í Oxford, London og Exmouth árin 1975-76 og 1977 lauk hún Advanced Diploma in Educational Studies frá Homerton Colleg í Cambridge. Árið 1988 lauk hún B.S. námi í tölvunafræði frá Háskóla Íslands.

Ingibjörg kenndi í Fossvogsskóla árin 1972-75 og 1977-1978. Hún var einnig stundakennari við Kennaraháskólann veturinn 1977-78. Hún tók þátt í þróun stærðfræðikennslu og kenndi á kennaranámskeiðum kennslufræði í stærðfræði á vegum Menntamálaráðuneytisins á árunum 1973-1980.

Ingibjörg skrifaði bókina Rökleikir sem var gefin út á vegum Námsgagnastofnunar 1986.

Ingibjörg var fræðslustjóri Búnaðarbanka Íslands árið 1987. Síðan þá hefur hún sinnt fullorðinsfræðslu í atvinnulífinu og tekið virkan þátt í umræðunni meðal annars með greinaskrifum og erindum á ráðstefnum um þau málefni. Hún var meðal annars fyrsti formaður félags fræðslustjóra í fyrirtækjum sem seinna var innlimað í Stjórnvísi.

Ingibjörg gerðist félagi í DKG í desember 1987. Hún var meðstjórnandi í stjórn Gammadeildar 2004-2006 og formaður hennar 2006-2008.

Hún var í gestgjafanefndinni á Evrópuþinginu í Reykjavík 2003 og sótti einnig Evrópuþingin í Turku 2005 og London 2007. Hún var með erindi í Workshop á þinginu í London 2007 og tók þátt í námskeiðum á báðum Evrópuþingunum. Hún sótti Alþjóðþingið í Chicago 2008 og hefur tekið þátt í öllum vor- og landssambandsþingum á Íslandi.

Að lokinni kynningu bar Ingibjörg Einarsdóttir nöfnu sína Jónasdóttur upp til forseta og var tillagan samþykkt.

- i) Kosning annarra stjórnarmanna landssambands: Tillaga uppstillinganefndar var samþykkt.
- j) Kosning í fjárhagsnefnd og uppstillingarnefnd: Tillaga uppstillinganefndar var samþykkt.
- k) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga: Tillaga uppstillinganefndar var samþykkt.
- l) Nýr landssambands forseti Ingibjörg Jónasdóttir tók þá til máls og þakkaði þann heiður og traust sem henni hefði verið sýnt. Hún sagði að hún stæði ekki ein – kjarnakonur stæðu að baki stjórninni. Það er gaman að finna styrk samtakanna þegar gestir koma – ég finna fyrir þeirri miklu þekkingu og reynslu sem eru hér innan DKG. Ég fer sterkari af fundum. Það er gleði, vinátta, hjálpssemi og trúmennska sem bindur DKG konur sterkum böndum. Krafturinn sem býr í samtökunum sést best á þessum síðustu dögum í Hallormsstað. Hér hefur verið haldið glæsilegt þing og síðan þakkaði hún Önnu Þóru Baldursdóttur fyrrverandi formanni fyrir góða formennskuna og sagði að til góðs vinar liggja gagnvegir.

m) **Skýrsla deilda**

Eta: Eyrún Ísfold Gísladóttir í forföllum Brynhildar Önnu Ragnarsdóttur formanns, sjá



INTERNATIONAL SOCIETY FOR KEY WOMEN EDUCATORS DELTA KAPPA GAMMA

fylgiskjal.

Peta: Hulda Björk Þorkelsdóttir í forföllum Valgerðar Guðmundsdóttur formanns sem er að opna málverkasýningu þessa helgi, sjá fylgiskjal.

Iota: Ingibjörg Einarsdóttir í forföllum Eddu B. Kristmundsdóttur formanns, sjá fylgiskjal.

Kappa : Valgerður Magnúsdóttir í forföllum Marsibil Ólafsdóttur, sjá fylgiskjal.

n) **Lagabreytingar**

Laganefndin hefur verið að uppfæra lögina og þau verða send formönnum. Ein breyting sem ákveðið var að gera á íslensku reglugerðinni og er staðfesting á hefð sem hefur verið í gangi. Hún fellst í því að uppstillinganefndin gerir tillögur um embætti stjórnarkvenna, t.d. 1. varaforseti, 2. varaforseti o.s.frv. Tillagan borin undir landsþingsgesti og samþykkt. Stjórn lagði til að félagatalið yrði vistað á heimasíðu samtakanna og yrði einnig til á pappírsmáli. Nokkur umræða varð um tillöguna. Herta W. Jónsdóttir vildi hafa félagatalið bæði á netinu og í bókarformi. Hulda Björg Þorkelsdóttir spurði hvort landssambandið þyrfti að hafa heildarfélagatal þegar deildir sæju um félagatal sinnar deildar. Vefstjóra falið að útfæra tillöguna í samstarfi við landssambandsstjórn.

o) **Önnur mál:**

Sigrún Jóhannesdóttir tók til máls og sagði að hún og Ingibjörg Einarsdóttir hefðu verið skipaðar í vinnunefnd til að endurskoða og gefa út að nýju handbók DKG landssambandsins fyrir formenn og stjórnir.

Árið 1998 kom fyrsta útgáfa út. Henni fylgdu viðauki með fylgiskjöllum sem kom út árið 2000 (græn kápa) og árið 2003 kom aftur út endurbætt og endurskoðað eintak (gyllt kápa). Nú árið 2009 hefur handbókin verið endurskoðuð og endurbætt.

Haft var samband við formenn og þeir beðnir um tillögur og bárust vinnunefndinni margar tillögur um hvað mætti endurbæta. Margir nefndu að þeir vildu fá handbókina líka í bókarformi. Nú eru breyttir tímar og þessi útgáfa verður í byrjun aðeins sett á netið. Þar verður auðvelt að laga og endurbæta hana. Hægt verður að prenta handbókina. Handbókin verður fyrst í stað á netinu og síðan má athuga hvað best er að gera í útgáfumálum. Þá þarf að ákveða hvað af handbókinni á að gefa úr í bókarformi. Nú er verið að endurskoða alþjóðalögin og þess vegna er ágætt að bíða aðeins með útgáfu handbókarinnar þar til endurskoðun laganna er búin. Formenn voru beðnir um að vera vakandi ef eitthvað þyrfti að laga eða breyta. Gott væri að koma athugasemdum á framfæri jafn óðum.

Eygló gat þess að gleymst hefði að við láta félagskonur skrá sig ef þær vildu ekki fá mynd af sér á netið. Ef einhver er á móti myndbirtingu á vef samtakanna, þá láti viðkomandi Eygló vita.



INTERNATIONAL SOCIETY FOR KEY WOMEN EDUCATORS
DELTA KAPPA GAMMA

Helga Guðmundsdóttir Zetadeilda lýsti ánægju sinni með hversu margar konur lögðu á sig langt ferðalag og komu á þingið. Hún bað félagskonur í Zetadeild um að koma upp á svið og þakkaði þeim góð störf. Hún færði síðan öllum DKG konum lyklakippu frá Fljótsdalshéraði.

Ingibjörg Einarsdóttir fundarstjóri sagði sínu hlutverki lokið og bað Önnu Þóru Baldursdóttur um að taka við. Anna Þóra færði Zeta konum rauða rós í þakklætisvott fyrir undirbúning þingsins og frábært þing. Anna Þóra þakkaði Ingibjörgu Einarsdóttur sérstaklega fyrir hennar góðu og óeigingjörnu störf í þágu DKG og þingkonum öllum fyrir góða samvinnuna.

Anna Þóra sleit síðan þingi og fór með Vorvísu Gríms Thomsen.

Ritarar: Ingibjörg Auðunsdóttir og Helga Thorlacius